

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Angela Spohr
sópransöngkona
og
Þóra Fríða Sæmundsdóttir
píanóleikari



1. september 1992 kl. 20:30

Angela Spohr er fædd og uppalin í Norður-Þýskalandi. Hún stundaði nám við Tónlistarháskólann í Freiburg á árunum 1978 - 83 og var síðan við framhaldsnám í Basel. Angela Spohr, sem nú er kennari við Tónlistarháskólann í Freiburg, hefur hvarvetna hlotið mikið lof fyrir söng sinn. Rödd hennar hæfir vel nútímaverkum, jafnt sem verkum frá rómantíska og klassíska tímabilinu.

Þóra Fríða Sæmundsdóttir lauk námi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1978 og stundaði framhaldsnám í Freiburg og Stuttgart. Frá árinu 1984 hefur hún starfað sem píanóleikari og kennari í Reykjavík og tekið þátt í ýmiss konar tónlistarflutningi. Þóra Fríða er félagi í Íslensku hljómsveitinni.

Efnisskrá

Ľeoš Janáček
(1854 - 1928)

Sjö þjóðlög frá Mæri
Láska
Nejistota
Zpěvulenka
Koníčky milého
Koukol
Psaníčko
Oříšek léskovy

Arnold Schönberg
(1874 - 1951)

Fjögur songlög ópus 2
Erwartung (R. Dehmel)
Schenk mir deinen goldenen Kamm
Jesus bettelt (R. Dehmel)
Erhebung (R. Dehmel)
Waldsonne (J. Schlaf)

Benjamin Britten
(1913 - 1976)

On this Island, ópus 11 (W.H. Auden)
Let the florid music praise
Now the leaves are falling fast
Seascape
Nocturne
As it is plenty

Enrique Granados
(1867 - 1916)

Tonadillas
El Majo Discreto
La Maja Dolorosa I
La Maja Dolorosa II
El Majo Timido

Æska *Ást*
Ó, ást, ást, þú ert hverful
sem vatn milli bakka.
Vatnið streymir.
Ástin fölnar
eins og blað af Brúðartryggð.

Nejistota *Óvissa*
Á bakka Dónár
gaf hún páfuglinum að drekka.
Seg mér, kæra dúfan mín gráa,
elskar þú mig?

Ég get ekki svarað því
því ég veit það ekki.
Komdu til okkar í kvöld.
Ég þarf að spyrja mömmu,
svo skal ég segja þér.

Zpěvulenka *Sönggleði*
Þegar ég syng á tindi fjallsins
heyrir ástvinur minn til mín
niðri í dalnum.

Svo syng ég bak við limgerðið
og ástvinur minn heyrir til mín
þar sem hann söðlar hestana svörtu.

Hann heyrir, hann heyrir
en þekkir mig ekki.
Þetta er ekki söngur minnar heittelskuðu.

Hann heyrir, hann heyrir
úr glugga sínum.
Hlustaðu, móðir, á mína heittelskuðu.

Koníčky milého *Hestar míns heittelskaða*
Ef ég vissi hver ætti þessa hesta
slægi ég grasið græna fyrir þá.

Ef ég vissi að ástvinur minn ætti þá
slægi ég hafrana grænu fyrir þá.

Ef ég vissi að minn hjartans vinur ætti þá
fléttaði ég þeim gyllta borða.

Koukol *Kornblóm*
Ég geng út í grænan skóg
og týni mörg lítil blóm.

Úr þeim bý ég til garð
og gróðurset í honum lítið kornblóm.

Minn heittelskaði horfir á blómið.
Líti hann á mig gæfi ég honum það.

Psaničko *Bréf*
Væri ég lítill, lítill fálki
hnitaði ég hringi
yfir býli ástvina minna

Einn kembir hestunum,
annar ber heim vatnið,
sá þriðji situr við borð
með hatt á höfði
og skrifar bréf

Hverjum ertu að skrifa,
minn kæri?
Þér, mín kæra vina,
svo ég geti eignast þig.

Oříšek léskový *Heslihnetan*
Ég gekk yfir fjöll og firmindi,
gegnum grænan skóg,
og fann skínandi heslihnetu.

En það var ekki heslihneti
því kjarnann vantaði
svo öll mín leit var til einskis.

Og þótt ég leitaði þín lengi,
mín kæra, hefur þú
ekki einu sinni gefið mér fjöður

Ég hef reyndar ekkert gefið þér
en ég get það.
Ég gæti, vinur minn, látið að vilja þínum.

- Þýðing : Baldur Sigurðsson

Erwartung *Eftirvænting*
Úr sægrænni tjörninni
við rauða húsið
undir dauðu eikinni
skín tunglið.

Þar sem dimm ímynd hennar
þreifar gegnum vatnið
stendur maður og dregur
baug sér af fingri.

Þrjár ópalar glitra;
gegnum föla steinana
synda rauðir og grænir neistar
og sökkva.

Og hann kyssir þá,
og augu hans ljóma
eins og sægrænn botninn:
Gluggi opnast.

Úr rauða húsinu
við dauðu eikina
veifar honum föl
konuhendi . . .

Schenk mir deinen goldenen Kamm
Gefðu mér gullnu greiðuna þína
Gefðu mér gullnu greiðuna þína;
sérhver morgunn skal eggja þig
til að kyssa hár mitt.

Gefðu mér silkimjúkan njarðarvött þinn;
sérhvert kvöld mun ég ímynda mér
fyrir hvern þú býrð þig í baðinu.

Ó María.

Gefðu mér allt sem þú átt,
sál mín er ekki hégómagjörn,
stoltur tek ég við blessun þinni.

Gefðu mér þyngstu byrði þína;
viltu ekki einnig leggja hjarta þitt
á hvirfil minn -

Magdalena?

Erhebung *Upphafning*

Rétu mér hönd þína,
aðeins einn fingur,
þá lít ég á alla heimskringluna
sem mína eign!

Ó, hve land mitt blómgast!
Lítu bara á,
svo mjög að það getur lyft okkur
yfir skýin og upp til sólar!

Waldsonne *Skógarsól*

Um brúnir, hvínandi nætur
flöktir ljós hingað inn,
grængullið skin.

Blómin og grósin blossa upp,
og syngjandi, skoppandi skógarlækir
og minningar, löngu dánar,
vakna gullnar á ný,
allir glaðværur söngvarmir þínir.
Og ég sé gullið hér þitt glitra
og ég sé gullin augu þín ljóma
út úr grænum, hvíslandi nóttum.

Og það er eins og ég liggi við hlið þér á grasinu
og heyri þig aftur blása á gljáfægða panflautuna
út í blá himinloftin.

Um brúnir, hvínandi nætur
flöktir ljós hingað inn,
grængullið skin.

- Þýðing: Reynir Axelsson

„On this Island“ samdi Benjamin Britten
árið 1937 við ljóð W.H. Auden. Þeir þekktust
síðan 1935 og fluttu saman til Ameríku 1939.
Textinn hefur súrrealísk einkenni og ljóðin
virðast ekki endilega passa saman, heldur virka
sem persónulegar, afstæðar myndir frá „eyj-
unni“, sem W.H. Auden segir frá.

Það sama kemur fram í tónlistinni. Þar
eiga sér stað snöggar stílbreytingar, danstónlist
frá 1930 og virtúóst skraut barokktímans,
standa hlið við hlið.

El Majo Discreto

Þögli Madridbúinn

Það er sagt að unnusti minn sé ekki
beinlínis fríður,
má vera að svo sé,
ástin er blind og það hef ég landi vitað.

En þótt hann beri ekki af öðrum mönnum
treysti ég honum best allra,
og trúði honum því fyrir leyndarmáli mínu.

Hvað er það sem einginn annar veit?
Sjálf er ég þögul sem gröfin
þú mátt geta, en getur þó aldrei rétt.
Frá Lavapiés er maðurinn minn
Madridbúi sannur.

La Maja Dolorosa I

Sorgmædda Madridstúlkan

Ó, þú grimmi dauði!
Hví sóttir þú ástina mína einu,
tillitslaus og kaldur?
Án hans er lífið ein stanslaus nístandi kvöl.

Sál mín grætur.
Ó, guð minn! Gefðu mér ástina mína á ný.
Án hans er lífið ein stanslaus nístandi kvöl.

La Maja Dolorosa II

Sorgmædda Madridstúlkan

Ó vinur minn kær, þú ert ekki horfinn!
Sé svo er líf mitt lítills virði.
Að kyssa þig vinur, ég einskis óska fremur,
í þínum faðmi hvíla alla tíð.
En örlögin gáfu engan gríð.
Í óráði draumsins ert þú genginn burt frá mér.

Veröldin grætur
og enga huggun má ég frammar finna.
En þótt kaldur sértu nár,
ertu áfram minn, að eilífa minn.

El Majo Timido

Madridbúinn feimni

Hann kemur að glugganum mínum á kvöldin,
en tekur til fótanna um leið og ég sést.
Ó, þú kjarklitli maður
haldir þú uppteknum hætti,
skortir ei skemmtunina mig.

- Þýðing: Tómas R. Einarsson